

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 84/96
frá 20. desember 1996**

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var meðal annars breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/96 frá 29. nóvember 1996⁽¹⁾.

Breyta ber bókun 31 til að gera ráð fyrir þátttöku EFTA-ríkjanna í að stuðla að aukinni orkunýtni í bandalaginu.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í stað 14. gr. bókunar 31 við samninginn komi eftirfarandi:

„14. gr.

Orkuáætlanir og umhverfistengd starfsemi á sviði orkumála:

1. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1996 taka þátt í áætlun bandalagsins sem um getur í a-lið 5. mgr. og aðgerðum henni tengdum.
2. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1996 taka þátt í áætlun bandalagsins sem um getur í b-lið 5. mgr. og aðgerðum henni tengdum.

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

3. EFTA/EES-ríkin skulu taka þátt í kostnaði við áætlanirnar sem um getur í a- og b-lið 5. mgr. og aðgerðum þeim tengdum, í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.
4. EFTA/EES-ríkin skulu allt frá upphafi samstarfs í áætlununum, sem um getur í a- og b-lið 5. mgr. og aðgerðum þeim tengdum, taka fullan þátt í EB-nefndum sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun slíkra áætlana og aðgerða.
5. Samningsaðilar skulu leitast við að styrkja samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins sem leiðir af eftirfarandi gerðum bandalagsins:
 - a) „- 393 D 0500: Ákvörðun ráðsins 93/500/EBE frá 13. september 1993 um að efla endurnýjanlega orkugjafa í bandalaginu (Altener-áætlun)(Stjtið. EB nr. L 235, 18. 9. 1993, bls. 41).
 - b) „- 396 D 0737: Ákvörðun ráðsins 96/737/EB frá 16. desember 1996 um áætlun til margra ára um að stuðla að aukinni orkunýtni í bandalaginu (SAVE II-áætlun) (Stjtið. EB nr. L 335, 24. 12. 1996, bls. 50)”.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. desember 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 1996.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 20. desember 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

